

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/472****2017/EES/10/45****frá 31. mars 2016****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 72/2010 að því er varðar skilgreininguna „skoðunarmaður framkvæmdastjórnarinnar“ (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) ⁽²⁾, einkum í XIII. viðauka, er kveðið á um að aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), beri að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd og að Eftirlitsstofnun EFTA eigi að annast skoðanir í þessum aðildarríkjum. Í því skyni að auka samræmingu við framfylgd sameiginlegra grunnkrafa ætti framkvæmdastjórnin að hafa þann kost að hafa viðurkennda sérfræðinga frá Eftirlitsstofnun EFTA og aðildarríkjum EFTA í flugöryggiseftirlitshópum sínum.
- 2) Skrifstofa Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) samræmir flugverndarúttektir í aðildarríkjum, sem eru aðilar að Evrópusambandi flugmálastjórna, í því skyni að tryggja að aðildarríkin uppfylli kröfur um flugvernd. Til þess að efla skoðanaskipti milli skrifstofunnar og framkvæmdastjórnarinnar um bestu starfsvenjur á sviði flugverndar, ætti framkvæmdastjórnin að hafa þann kost að hafa viðurkennda sérfræðinga frá skrifstofu Evrópusambands flugmálastjórna í flugöryggiseftirlitshópum sínum.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Í stað 3. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 72/2010 ⁽³⁾ komi eftirfarandi:

„3. „skoðunarmaður framkvæmdastjórnarinnar“: einstaklingur sem framkvæmdastjórnin velur til að taka þátt í skoðunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar og sem er borgari Sambandsins eða ríkisborgari aðildarríkis Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og er ráðinn til starfa af einum af eftirfarandi aðilum:

- framkvæmdastjórninni,
- aðildarríki Sambandsins, sem innlendur úttektaarmaður,
- aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem einstaklingur sem hefur það verkefni að annast samræmis eftirlit á innlendum vettvangi fyrir hönd þess aðildarríkis,
- Eftirlitsstofnun EFTA,
- skrifstofu Evrópusambands flugmálastjórna.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 245/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010 frá 26. janúar 2010 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar (Stjtið. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
